

✉ Re: Beiðni um umsögn vegna umsóknar um nýtingarleyfi á jarðhita

Búið til	24.9.2021 14:53:38
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	24.9.2021 14:53:37
Tilheyrir	 202109-0006 - Umsögn vegna umsóknar um nýtingarleyfi á jarðhita í Laugum í Súgandafirði

Efni

Re: Beiðni um umsögn vegna umsóknar um nýtingarleyfi á jarðhita

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	24.9.2021 14:53:37	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	mariag@os.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202109-0006 (LA, IAS).

Vísað er til tölvupósts frá Orkustofnun dags. 6. september 2021 þar sem óskað er frá umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orkubús Vestfjarða um nýtingarleyfi á jarðhita á Laugum í Súgandafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur tekið umsóknina og fylgjandi gögn með til athugunar og vill koma eftirfarandi á framfæri.

ISOR hefur skrifað vandaða greinargerð um dæluþrófun í borholu LA-17 til að meta langtímaafkastagetu holunnar og möguleg áhrif nýtingar á nærliggjandi borholur.

Út frá mælingum ISOR er metið sem svo að ef dæling úr holu er aukin úr 20 L/sek í 30 L/sek mun vatnsborð síga úr 46 m í 60 m dýpi. Í greinargerð ISOR er talið að holan myndi vel þola slíkt álag ef ekki kæmi til frekari vatnstöku úr svæðinu eða að ytra ástand breyttist til langs tíma.

Í umsókn Orkubús Vestfjarðar kemur fram að meðalnýting á ári er 30 L/sek, en hámarksnýting á hverjum tíma er einnig 30 L/sek. Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir að hér sé um mistök að ræða í umsókn því meðalnýting og hámarksnýting getur varla verið sú sama nema gert sé ráð fyrir hámarksnýtingu alltaf. Ef svo er telur Náttúrufræðistofnun Íslands út frá fyrirbyggjandi gögnum og til að forðast ofnýtingu jarðhitakerfisins að það sé æskilegt að draga úr meðalnýtingu á ári. Ekki kemur fram hvort eldri vinnsluholur s.s. LA-2, verði áfram í nýtingu, en meta þarf heildstætt nýtingu jarðhitavökvans á svæðinu og fylgjast með breytingum samfara dælingu í langan tíma.

Fram kemur í umsókninni að „affall frá byggðinni fari til sundlaugar og frá fiskþurrkun til sjávar“. Þetta er ekki sérstaklega skýrt, væntanlega fer affallið sem er safnað saman við sundlaugina einnig til sjávar. Taka þarf til athugunar hvort ástæða sé til að meta áhrif affallsvatnsins á lífríki í sjó, í ljósi vatnsmagns og aðstæðna þar sem það er losað.

Gróðurfar á jarðhitasvæðinu er lítið þekkt en vistgerðir með hátt verndargildi, einkum votlendisvistgerðir, eru inn á milli ræktaðra túna. Huga þarf að því að forðast óþarfa rask við borholusvæðin. Ekki er vitað um fundarstaði fágætra jarðhitaplöntutegunda á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "María Guðmundsdóttir" <mariag@os.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "srs@ov.is" <srs@ov.is>; "Harpa Þórunn Pétursdóttir" <harpa@os.is>
Subject: Beiðni um umsögn vegna umsóknar um nýtingarleyfi á jarðhita
Date: 6.9.2021 15:05:02

Góðan dag

Sjá meðfylgjandi beiðni um umsögn vegna umsóknar Orkubús Vestfjarða um nýtingarleyfi á jarðhita á Laugum í Súgandafirði.

Óskað er eftir að umsögn berist fyrir 24. september nk.

Frumrit bréfs hefur verið póstlagt.

Bestu kveðjur/Best regards

María

María Guðmundsdóttir

Sérfræðingur – Jarðhitanýting/

Specialist – Geothermal Utilisation
Orkustofnun/National Energy Authority
Orkugarður, Grensásvegur 9
108 Reykjavík
Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) <http://www.nea.is> (<http://www.nea.is/>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./
Think of the environment before printing this message.

Viðhengi

image001.jpg (11 KB)

image002.png (5 KB)